

Álit

um frv. til fjárlaga 2009 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008. Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti og Þorsteinn Geirsson og Jón Magnússon frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2009 eru áætluð 2.416 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 110 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.737 m.kr. og hækka um 229 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Heildargjöld dómsmálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð 29.333 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.145 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.081 m.kr. og hækka um 2.022 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi þjóðarinnar og tengjast hrúni bankanna standast ekki þær áætlanir sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu og hafa ráðuneytin unnið að endurskoðun þeirra.

Á fundi nefndarinnar gerðu fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis nokkra grein fyrir því hvernig þau hyggjast leggja til að þessum áföllum verði mætt í fjárlagafrumvarpinu. Fram kom hjá fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis að ráðuneytið gerir tillögur um 10% lækkun útgjalda. Stærsta verkefnið sem lagt er til að verði frestað er afhending og greiðsla fyrir nýja eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar sem átti að afhenda í júlí 2009 og fellur þá niður framlag upp á 1.700 m.kr. Þá kom fram að unnið væri að frestun á afhendingu og tveimur greiðslum vegna lokauppgjörs á nýju varðskipi og fellur þá niður liður að fjárhæð 700 m.kr. en í ljósi gengisþróunar undanfarið er verulegt hagræði fólgið í frestun þessara útgjalda. Þá kom fram á fundi nefndarinnar að útgjöld Landhelgisgæslunnar eru mjög háð gengisbreytingum og fjárhagsstaðan því mjög slæm og telur nefndin nauðsynlegt að skoðað verði hvernig unnt er að mæta því.

Fram kom á fundi nefndarinnar að fallið hefði verið frá því að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu og að heildaruppbygging fangelsa verði í stað þess á Litla-Hrauni og að á höfuðborgarsvæðinu verði eingöngu gæsluvarðhald og skammtímavistun fanga í tengslum við nýja lögreglustöð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til uppbyggingar á Litla-Hrauni að fjárhæð 350 m.kr. en í hagræðingartillögun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að framlagið lækki um 250 m.kr. og að af þeim 100 m.kr. sem eftir eru fari 80 m.kr. í að styrkja rekstur Fangelsismálastofnunar sem er nauðsynlegt vegna aukins fjölda fanga. Nefndin hefur í álitum sínum sl. ár lagt sérstaka áherslu á fjárveitingar til fangelsismála og gerir það hér á ný.

Nefndin fagnar því að ekki er gerð tillaga um útgjaldalækkun til löggæslu og dómstóla en til meðferðar hjá nefndinni er frumvarp um embætti sérstaks saksóknara sem lagt er til að verði stofnað til að rannsaka refsiverða háttsemi í aðdraganda og tengslum og í kjölfar þeirra atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008 Frumvarpið hefur í för með sér útgjaldaaukningu en á fundinum kom fram að til þess að mæta þeirri hækkun verður lagt til að

nýtt embætti héraðssaksóknara taki ekki til starfa á næsta ári eins og gert er ráð fyrir í lögum um meðferð sakamála sem taka gildi 1. janúar 2009.

Nefndin telur að við útfærslur hagræðingartillagna sem þessara sé almennt nauðsynlegt að líta til þess hvort um atvinnuskapandi verkefni er að ræða og hvort um gjaldeyrisskapandi verkefni er að ræða. Þá telur nefndin auk þess mikilvægt að almennt verði litið til þess hvernig unnt er að hagræða í rekstri stofnana og embætta með samstarfi og samhæfingu verkefna.

Alþingi, 8. des. 2008.

Birgir Ármannsson
Ágúst Ólafur Ágústsson
Ellert B. Schram
Ólöf Nordal
Karl V. Matthíasson